

HAUKUR ÞORGEIRSSON

GULLKÁRSLJÓÐ OG HRAFNAGALDUR

Framlag til sögu fornyrðislags*

Í ÞESSARI GREIN er fjallað um tvö kvæði undir fornyrðislagi, *Gullkársljóð* og *Hrafnagaldur Óðins*. Meginviðfangsefni greinarinnar er að ákvarða aldur þessara kvæða og staðsetja þau í íslenskrri bókmenntasögu. *Gullkársljóð* teljast til hinna svokölluðu *sagnakvæða* en um *Hrafnagaldur* hafa skoðanir verið skiptar. Í nýlegri bókmenntasögu fyrir framhaldsskólanema er sagt að hann megi telja til Eddukvæða (Ármann Jakobsson 2009, 23).

Gullkársljóð og *Hrafnagaldur* eiga eftirfarandi sameiginlegt:

- Þau eru undir fornyrðislagi.
- Þau eru m. a. varðveitt í ungum handritum Sæmundar-Eddu.
- Elsti handritavitnisburður um þau er frá miðri 17. öld.
- Ekkert er vitað um höfunda kvæðanna og enginn ytri vitnisburður til um aldur þeirra; þau verða því aðeins aldursgreind eftir texta þeirra sjálfra.

Notast er við útgáfu Eysteins Björnssonar á Hrafnagaldri en mína eigin útgáfu á Gullkársljóðum. Sú útgáfa hefur ekki verið prentuð en byggist á rannsókn minni á öllum varðveittum handritum kvæðisins. Kvæðið er áður prentað í útgáfu Ólafs Davíðssonar í *Þulum og þjóðkvæðum*. Þar eru nokkrar villur og talsverð ónákvæmni um notkun handrita.¹ Líklegt er að kvæðið hafi varðveist í munnlegri geymd, eins og vitað er fyrir víst um önnur sagnakvæði (*Þulur*, 54), en öll varðveitt handrit eru mjög lík og greinilega runnin frá einni glataðri uppskrift.

* Þessi rannsókn var unnin í tengslum við verkefnið „Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar“ sem er styrkt af Rannsóknasjóði Rannís 2009–11 (verkefnisstjóri: Þórhallur Eyþórsson). Ég er þakklátur ritstjóra og ritrýnendum *Griplu* fyrir þarfa gagnrýni.

¹ Um aðferðir Ólafs Davíðssonar, sjá Aðalheiður Guðmundsdóttir 1997.

Þau tvö kvæði sem hér eru valin til umfjöllunar eru ólík á marga vegu og lesandinn hlýtur að spyrja hvers vegna þau hafi verið valin saman til umfjöllunar. Því er til að svara að með því að bera saman tvo ólíka hluti sést skýrar hvað einkennir hvorn um sig. Ég held þess vegna að umfjöllunin um aldur kvæðanna sé skýrari en ef sín greinin hefði verið skrifuð um hvort kvæðið.

1. Saga fornyrðislags

Jón Helgason hélt því fram að óslitin samfella væri í notkun fornyrðislags í íslenskum kveðskap.

Fornyrðislag hefur, að því er bezt verður séð, gengið að beinu handsali frá hinum elztu skáldum á Íslandi til hinna yngstu, þó að auðvitað hafi margir, einkum á 18du og 19du öld, seilzt aftur til sjálfrar uppsprettunnar og kjörið sér fornkvæðin til fyrirmyndar. (Jón Helgason 1959, 21)

Ekki er mér kunnugt um að neinn hafi mótmælt þessari skoðun. Hins vegar hefur enginn orðið til þess að gera ítarlega grein fyrir hvernig þessari samfellu sé háttað (sjá þó Guðbrandur Vigfússon 1883, 380–385 og Óskar Halldórsson 1977, 37–41). Til að unnt verði að skrifa fullnægjandi sögu bragarháttarins þarf fyrst að gera nákvæmari rannsóknir á einstökum kvæðum.

Hér verður gefið stutt ágríp af sögu þessa háttar og einkum reynt að varpa ljósi á breytilegt notkunarsvið hans eftir tímabilum. Um fornu kvæðin er það einkum sagt sem máli skiptir fyrir umfjöllunina um yngri kvæðin.

1.1 Eddukvæði og aldur þeirra

Fornyrðislag er sá norræni bragarháttur sem líkastur er bragnum á elstu kvæðum annarra germanskra þjóða. Varla mun neinn efast um að kvæði undir þessum bragarhætti hafi tíðkast á Íslandi frá upphafi byggðar. Elstu kvæðin sem við höfum eru varðveitt í *Konungsbók Eddukvæða*, sem rituð var á seinni helmingi 13. aldar eftir forriti frá fyrri helmingi hennar. Kvæðin sem þar eru varðveitt geta ekki verið yngri en frá því um 1200 en yfirleitt munu menn sammála um að flest þeirra séu töluvert eldri.

Margt hefur verið rætt og ritað um aldur Eddukvæða og fræðimenn hafa beitt fyrir sig ýmiss konar málfræðilegum, bragfræðilegum og menningarsögulegum rökum til að tímasetja einstök kvæði (gagnlegt yfirlit er í Fidjestøl 1999). Niðurstöðurnar hafa þó orðið ærið margvíslegar og fræðimönnum hefur gengið hægt að verða sammála um hvaða rök dugi hér helst. Andreas Heusler (1906) setti fram þá kenningu að eldri Eddukvæði væru hörkuleg, epísk-dramatísk hetjukvæði en yngri kvæði væru mildari, tilfinningasamari og lýriskari. Þessi kenning varð nokkuð víðtekin (sjá t. d. Einar Ól. Sveinsson 1962, 469–470; Jón Helgason 1952, 91–92). Í yngri flokknunum eru þá meðal annars tregrófskvæði eins og *Oddrúnargrátur* þar sem sorgmædd kona rekur raunir sínar.

Gísli Sigurðsson hefur dregið kenningu Heuslers í efa. Hugmynd Gísla er að fremur en að tala um eldri og yngri flokk Eddukvæða sé heppilegra að tala um karllæg og kvenlæg kvæði. Kvenlægu kvæðin endurspeglar þá veruleika kvenna og eru ef til vill ort af konum en þau eru ekki endilega yngri en karllægu kvæðin (Gísli Sigurðsson 1986). Gísli tilheyrir raunar þeim hópi fræðimanna sem hvað lengst hafa gengið í efasemdum um tímasetningar Eddukvæða. Þegar eðli munnlegrar hefðar er haft í huga telur Gísli að ekki sé „hægt að tala hiklaust um að [kvæðin] hafi verið ort á tilteknum degi“ (Gísli Sigurðsson 1998, xviii). Nokkuð jákvæðari gagnvart aldursgreiningu Heuslers er Vésteinn Ólason (2005).

Enn reyna menn að finna ný rök til að tímasetja kvæðin eftir og endurmeta gömul. Hér er sérstaklega vert að benda á nýlega rannsókn Bernts Øyvinds Thorvaldsen á *Þrymskviðu*. Þar endurmetur hann líkindi milli *Þrymskviðu* og annarra Eddukvæða og rökstyður að ríkuleg orðalagstengsl milli kvæðanna séu ekki til marks um að *Þrymskviða* hafi fengið efnivið að láni frá öðrum varðveittum kvæðum, og sé því ung, heldur að hún hafi verið lifandi þáttur í munnlegri hefð og geti því verið gömul (Thorvaldsen 2008).

1.2 Fornaldarsögur

Í fornaldarsögnum er að finna töluvert af kveðskap undir fornryðislagi, töluvert af lausavísnum en einnig nokkuð af lengri kvæðum. Öll handrit sem varðveita slíkan kveðskap eru verulega yngri en *Konungsbók Eddukvæða* og yfirleitt má telja að kveðskapurinn sjálfur sé líka yngri. Tiltölulega löng og heilsteypt kvæði má finna í *Hervarar sögu*, *Hálfs sögu* og *Örvar-Odds sögu*

en einnig er töluvert af vísunum í *Völsa þætti*, *Friðþjófs sögu* og *Ketils sögu hængs* svo að eitthvað sé nefnt.

Varla mun neinn draga í efa að kvæði fornaldarasagnanna mynda samfellda hefð með þeim kvæðum sem varðveitt eru í *Konungsbók* enda eru sum kvæðin í fornaldarsögunum stundum talin með Eddukvæðum. En þótt kvæðin í fornaldarsögunum minni mjög á Eddukvæðin að anda og efni eru þar athyglisverðar nýjungar. Sérstaklega er vert að gefa gaum *ævikviðunum* sem hér koma fram en í þeim líta reyndar hetjur yfir æfi sína, yfirleitt rétt fyrir dauða sinn.

Í hinni geysiviðamiklu bókmenntasögu sinni taldi Finnur Jónsson að flest kvæðin í fornaldarsögunum mætti telja til 13. aldar en sum væru nokkuð eldri og sum væru greinilega yngri. Til elstu hluta þessa kveðskapar taldi hann vísurnar í *Hervarar sögu* og *Hálfs sögu* en yngstar taldi hann vísurnar í *Hjálmþérs sögu* enda komi þar fyrir ungt orðfæri eins og *skálkar*, *fúll falsari* og *klénn* (Finnur Jónsson 1923, 142–3)

1.3 Fornyrðislag við lok miðalda

Í heildarútgáfum á fornum kveðskap hafa seinni tímamörkin verið sett við fyrri hluta 15. aldar. Tímabilinu 1450–1550 hefur mun minna verið sinnt og þar skortir víða góðar útgáfur. Menn skyldu þó ekki álykta að fornyrðislagið hafi hér sagt sitt síðasta.

Í bókmenntasögu sinni fjallar Finnur Jónsson í stuttu máli um tímabilið 1450–1550 og tiltekur þar ein ellefu kvæði undir fornyrðislagi. Fyrst er að telja *Krossþulur*, *Skaufhalabálk* og *Allra flagða þulu* en síðan þau kvæði sem einu nafni nefnast *sagnakvæði*. Þau eru *Kötludraumur*, *Snjáskvæði*, *Kringilnefjukvæði*, *Vambarljóð*, *Hyndluljóð yngri*, *Gullkársljóð*, *Bryngerðarljóð* og *Þóru ljóð*.

Athyglisvert er að sjá hvernig notkunarsvið fornyrðislags þróast á síðmiðöldum. Sagnakvæðin eiga það sameiginlegt með Eddukvæðunum og kvæðum fornaldarsagna að gerast í heiðinni fornöld sem jötnar, álfar og galdrar eru eðlilegur hluti af. Sagnakvæðin eru alþýðleg kvæði sem hverfast að miklu leyti um viðfangsefni og áhugamál kvenna og skipa sér þar í flokk með kvenlægu Eddukvæðunum. Fornu kvæðin eru hins vegar talsvert hrikalegri og enda gjarnan með ósköpum en sagnakvæðin eru hugljúf kvæði sem enda iðulega vel. Sagnakvæðin bera það stundum með sér að vera ætluð börnum, þannig segir í sumum gerðum *Snjáskvæðis*:

Hví hirðið þér
 hljóðs að beiðast
 þó að eg vistir
 veiti börnum. (*Pulur*, 30)

Skaufhalabálkur er venjulega ekki talinn með sagnakvæðunum en er frá svipuðum tíma og þau. Kvæðið er um gamlan ref sem fer í sína síðustu veiðiferð en er særður til bana og hefur þá upp kviðu um ævi sína og endalok. Greinilegt er að kvæðið kallast á við ævikviðurnar sem kappar fornaldarsagnanna kveða á banastundinni. Svo er að skilja sem *Skaufhalabálkur* hafi verið ætlaður börnum, í síðasta erindi hans er hann kallaður *barngælur* (Jón Þorkelsson 1888, 235).

Fleiri barngælur eru til frá tímanum sem hér um ræðir þótt ekki séu nefndar í bókmenntasögu Finns. Af trúarlegum vísunum má sjá að *Barngælubálkur* er frá síðkapólskum tíma (Guðrún Ása Grímsdóttir 2005, 33) en kvæðið samanstendur af heilræðum fyrir börn.² Einnig má telja líklegt að *Ljúflingsdiktur* sé upprunninn fyrir síðaskipti. Þar kveður huldumaður yfir barni sínu sem hann á með mennskri konu. Fornyrðislag hefur í huga fólks mjög tengst slíkum kvæðum enda er hátturinn lengi kallaður *ljúflingslag*.³

Af þessu stutta yfirliti ætti að vera ljóst að á síðmiðöldum þróast fornyrðislag í þá átt að verða bragarháttur kvenna og barna. Þessi þróun á sér líklega gamlar rætur. Alþekkt er sagan af Haraldi harðráða þar sem hann býr sig undir síðasta bardaga sinn. Hann kveður þar fyrst eina vísu undir fornyrðislagi, gallalaus, en bætir svo við: „Þetta er illa kveðit, ok mun verða at gera aðra vísu betri“. Síðan kveður hann vísu undir dróttkvæðum hætti um sama efni (*ÍF XXVIII*, 187–188). Líklegt er að þeim sem rituðu konungasögur á 13. öld hafi þótt fornyrðislag fremur óvirðulegur háttur í samanburði við fastmótaðri og erfiðari bragarhætti. Það þarf því ekki að koma á óvart að kvæði undir fornyrðislagi hafi á endanum einkum verið ætluð konum og börnum.

- 2 Eldri heilræðakvæði (*Hávamál*, *Sólarljóð*, *Hugsvinnsmál*) eru yfirleitt undir ljóðahætti en sá háttur líður undir lok á síðmiðöldum.
- 3 Sigríður Þorvaldsdóttir (2004, 8) hefur dregið í efa að nafnið sé upphaflega til komið af tengslum við álfa og gæti það þurft nánari athugunar við. Vel mætti hugsa sér að *ljúflingur* hafi upphaflega verið gæluyrði yfir barn fremur en álf.

1.4 Fornyrðislag á lærdómsöld

Fornyrðislag leið ekki undir lok með siðaskiptunum og nú koma til sögunnar nafngreind skáld sem yrkja undir þeim hætti. Enn er hátturinn notaður til að yrkja fyrir börn. Af slíku efni eftir nafngreinda menn eru mér kunnug *Barnadilla* (pr. Einar Sigurðsson 2007, 154–160)⁴ eftir Einar í Eydölum (1539–1626), *Barnagætur* (ljóspr. Jón Helgason 1955, 43r–44v) eftir Ólaf á Söndum (1560–1627), *Barnagætur* og *Nýársgjöf* (pr. Stefán Ólafsson 1886, 178–200) eftir Stefán Ólafsson (1619–1688), ýmis kvæði (sumt pr. Bjarni Gissurarson 1960) eftir Bjarna Gissurarson (1621–1712), *Grýluþula* (pr. Þulur 122–114) eftir Brynjólf Halldórsson (1676–1737) og *Barnaljóð* eftir Vigfús Jónsson (1711–1761). Síðastnefnda verkið var prentað 1780 og má telja fyrstu íslensku barnabókina (Silja Aðalsteinsdóttir 1981, 38–40). Í *Kvæðabók úr Vigur* (skrifuð að mestu 1676–1677) eru *Barnagætur* (ljóspr. Jón Helgason 1955, 232r–233v) eftir ókunnan höfund.

Skaufhalabálkur hefur orðið skáldunum innblástur til að yrkja um dýr. Í kvæðabók Gissurar Sveinssonar (skrifuð 1665) er að finna yngri *Skaufhalabálk* (ljóspr. Jón Helgason 1960, 147v–149v). Einnig er til *Asnabálkur* (ópr., sjá Páll Eggert Ólason 1935–1937, 397) eftir séra Jón Magnússon í Laufási (1601–1675) og *Músabálkur* (ópr.) eftir séra Jón Guttormsson (óvíst um ártöl, kvæðið er varðveitt í Stock. papp. 25, 4:0, skr. um 1670).

Ævikviður eru önnur bókmenntagrein sem skáldin taka í arf frá fyrri tíð. Þegar Einar í Eydölum orti á gamals aldri *Ævisöguflokk* (pr. Einar Sigurðsson 2007, 115–140) sinn valdi hann til þess fornyrðislag eins og hetjur fornaldarsagna. Sama má segja um Jón lærða (1574–1658) og kvæði hans *Fjölmóð* (pr. Jón Guðmundsson 1916). Einhver tengsl við þessa bókmenntagrein hefur ef til vill *Hugdala* (ópr.) sem Hallur Magnússon (um 1530–1601) orti 1582. Þar kvartar skáldið í löngu máli yfir ýmiss konar óréttlæti sem það telur andstæðinga sína hafa beitt sig. Hallur útskýrir sjálfur hvers vegna hann velur bragarháttinn og gæti sú skýring bent til að hann hafi þekkt einhver tregrófskvæði.

4 Í þessum kafla er getið einnar útgáfu prentaðra kvæða, yfirlétt þeirrar nýjustu. Um óprentuð kvæði er vísað til handrita og handritaskráa.

321. Því hef eg ljúflingslag
 á ljóðabætti,
 að hér er grátlegt kvein
 fyrir guði og mönnum. (Lbs 2030, 4to)

Að ofansögðu má sjá að það er ekki ofsagt að lúthersku skáldin hafi tekið við fornyrðislagi „að beinu handsali“ frá skáldum síðmiðalda enda nota þau háttinn á svipaða vegu.

Þau kvæði sem hingað til hafa verið talin eru flest tilgerðarlaus í máli og stíl og yfirleitt ekki ætlað að hafa á sér fornaldaryfirbragð. En á 17. öld nær áhugi á íslenskum fornþekktum miklum hæðum bæði innanlands og utan. Þá er *Snorra-Edda* prentuð og *Konungsbók Eddukvæða* kemur í leitirnar og gengur víða í uppskriftum. Þeir sem skrifa upp Eddukvæðin láta sig ekki muna um að yrkja inn í þau (Bugge 1867, XLIX–LXIII) og meðal annars kemur fram aukin útgáfa af *Vegtamskviðu*. Skáldin taka nú í auknum mæli að tengja fornyrðislag við fornöldina. Dæmi um þetta má sjá í *Landbúaljóðum* (ópr., sjá Jón Samsonarson 1984, 157) Eiríks Hallssonar (1614–1698), *Aldarbætti* (ópr., sjá Páll Eggert Ólason 1935–1937, 396) Þorláks Guðbrandssonar (1672–1707) og raunar í flestum kvæðanna sem nefnd eru hér fyrir neðan.

Um 1624 voru prentuð á Hólum *Heilræði sjö Grikklandsspekinga* sem Arngrímur lærði (1568–1648) þýddi úr latínu. Arngrímur hefur talið, eins og þeir sem ortu fyrir börn, að fornyrðislag hæfði heilræðakvæði. Önnur þýðing undir fornyrðislagi er *Einvaldsóður* (Cook 1962) eftir Guðmund Erlendsson (um 1595–1670). Guðmundur orti einnig *Akabsljóð* (Guðmundur Erlendsson án árs) út af efni úr *Biblíunni* og var það ekki illa til fundið að nota fornyrðislag í frásagnarkvæði um fornkonunga, svikráð, orrustur og herfilega dauðdaga.

Frá 17. öld eru einnig varðveittar særingar undir fornyrðislagi og má gefa dæmi úr tófustefnu eftir Gísla í Melrakkadal (um 1600–1670).

Stattu þar límd
 meðan stál er uppdregið
 öllu numin
 frá eðli varygðar. (*Þulur*, 100)

Fornmenntaáhugi kemur fram í þeim síð 17. og 18. aldar að hafa yfir *vítavísur* í brúðkaupum merkismanna. Var þá hagorður maður fenginn til að yrkja kersknar vísur um helstu boðsgesti og oft látið svo heita að hann væri sendur frá Óðni til að flytja mönnum þessar ávirðingar. Vítavísur voru alltaf undir fornyrðislagi og þar var stundum vísað í Eddukvæði, eins og í eftirfarandi dæmi.

Aðvörun sú
er mér í huga,
í Ragnarökkurs
ritning stendur:
„Hljóðs bið eg allar
helgar kindir
meiri og minni
mögu Heimdallar.“ (Ólafur Davíðsson 1894, 56)

Fjórir vítavísnaflakkar eru prentaðir hjá Ólafi Davíðssyni (1894, 56–74). Nokkrir til viðbótar eru varðveittir í Lbs 2676, 4to og einn þeirra gaf Hannes Þorsteinsson (1924–1927) út.

Frægasta kvæði lærdómsaldar undir fornyrðislagi hlýtur að vera *Gunnarsslagur* (pr. Haukur Þorgeirsson 2008a, 34–44) sem Gunnar Pálsson (1714–1791) orti 1745. Fyrir misskilning var kvæðið talið fornt og látið fylgja með fyrstu prentuðu útgáfu Eddukvæðasafnsins. *Gunnarsslagur* er í stíl Eddukvæða og fjallar um dauða Gunnars Gjúkasonar í ormagryfjunni. Kvæðið var þýtt á latínu, sænsku, frönsku, ensku og tvisvar á þýsku.

Gunnarsslagur er ekki eina unga kvæðið sem finna má í pappírshandritum *Sæmundar-Eddu*, þar má einnig sjá *Valagaldur Kráku* (pr. Haukur Þorgeirsson 2008a, 56–64) og *Norra jötuns kviðu* (ópr.), Edduborin kvæði ort út af fornaldarsagnaefni. Ég hef áður (2008a, 64–68) rökstutt að þessi kvæði séu eftir Árna Böðvarsson (1713–1776). Árni orti einnig *Álfamál* (ópr.) sem eru undir áhrifum frá *Völuspá* og fleiri Eddukvæðum. Kvæðið er kveðið til Óðins og hefst svo.

Mér hefr Óðinn,
alda gautr,
meðr Heimdalli
sögu senda.

Þá sá ek reyrða
 rúnum gömluðu.
 Nú man ek kviðu
 kveða allföðr. (RR VIII, C)

Annað skáld sem orti um kynni sín við Óðin er Árni Gíslason (1724–1809), bóndi í Höfn. Í kvæði hans, *Hársljóðum*, sameinast á athyglisverðan hátt nokkur helstu notkunarvið fornyrðislags – kvæðið er allt í senn heilræða-kvæði, ætlað börnum og undir miklum áhrifum frá Eddukvæðum.

Ekki er ráð,
 nema í tíma sje tekið,
 eg veit ekki nema
 eg verði barnfóstra;
 því vil eg börnum
 bjóða kvæði,
 það eg heyrði' og sá,
 það hefir eg numið.

...

Óðin föður,
 í arnar líki,
 sá eg á Hliðskjálf
 hátt uppsettan;
 hann var að raula
 við raust og tjeði
 ný heilræði
 niðjum gefin. (Grímur Laxdal 1856, 150)

Síðustu kvæðin sem hér verða nefnd eru *Þorrabálkur* (pr. að hluta Snorri Hjartarson 1945, 39–42) eftir Snorra á Húsafelli (1710–1803), *Fjörgynarmál* (pr. Eggert Ólafsson 1774) eftir Björn í Sauðlauksdal (1724–1794) og *Mánamál* (pr. Eggert Ólafsson 1832, 77–84) eftir Eggert Ólafsson (1726–1768). Þegar lærdómsöld sleppir breytist notkunarvið fornyrðislags á nýjan leik, fyrst með þýðingum Gröndals og Jóns á Bægisá og svo með verkum rómantísku skáldanna. Sú saga er of vel kunn til að ástæða sé til að rekja hana hér (sjá ekki síst Þórður Helgason 2003, 42–52, Kristján Eiríksson 2010, 59 og Sveinn Yngvi Egilsson 1999, 315–325).

Í köflum 1.3 og 1.4 hafa verið talin um 50 kvæði sem ætla má að séu ort á tímabilinu frá því á 14. öld og fram á seinni hluta 18. aldar. Köflunum er ekki ætlað að vera tæmandi upptalning heldur fyrst og fremst að gefa hugmynd um notkun bragarháttarins á mismunandi tímum.

2. Aldur *Gullkársljóða* og *Hrafnagaldurs*

Hér er gerð tilraun til að tímasetja kvæðin *Gullkársljóð* og *Hrafnagaldur Óðins* með bragfræðilegum og málsögulegum rökum. Þegar slík rök eru notuð til að aldursgreina íslenskan kveðskap er venjulega mest á því að græða að skoða samrímamir en þar sem fornryðislag er rímlaus háttur verður hér einkum að styðjast við stuðlasetningu og atkvæðabyggingu.

2.1 *J-stuðlun*

Til forna stuðluðu Íslendingar /j/ óhikað við sérhljóð en í seinni tíð stuðlar /j/ aðeins við sjálft sig. Skáld 16. aldar stuðla /j/ ýmist við sjálft sig eða við sérhljóð en eftir 1600 kemur stuðlun við sérhljóð varla fyrir. (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010, 214–217). Í *Hrafnagaldri* tekur /j/ þrisvar sinnum þátt í stuðlun en fjórum sinnum í *Gullkársljóðum* og fara dæmin hér á eftir.

Hrafnagaldur:

- 15.1–2 jamt þótti Jórunn / jólnum komin
- 24.3–4 jó fram keyrði / jarknasteinum
- 25.1–2 Jörmungrundar / í jódyr nyrðra

Gullkársljóð:

- 3.7–8 óx hún upp við það / í jöfurs höllu
- 22.7–8 þá var yndi mikið / á jöfurs dóttur
- 25.1–2 Þá fór Ingibjörg / jöfri að segja
- 39.3–4 að öngva nótt / jöfur vaknaði

Ljóst er af þessu að /j/ stuðlar við sérhljóð í *Gullkársljóðum* en aðeins við sjálft sig í *Hrafnagaldri*. Að þessu leyti eru *Gullkársljóð* fornleg en *Hrafnagaldur* unglegur.

2.2 S-stuðlun

Til forna stuðla /sn/ og /sl/ við /s/, /sv/ og /sj/ og er það kallað s-stuðlun (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2005). Um miðja 14. öld kemur upp sníkjuhljóð í þessum samhljóðaklössum sem kemur í veg fyrir stuðlunina og er hún sjaldgæf eftir það. Í *Gullkársljóðum* eru eftirfarandi dæmi um s-stuðlun.

12.1–2 fá skylda eg sveini / hringa snúna
 30.5–6 svó var seggjum / slöngt úr sæti
 41.5–6 var snarráðr / svæfðr í rekkju
 59.5–6 varð að saxi / snótar spýta
 65.7–8 vildi snót vita / hvað til saka væri
 69.5–6 réð úr sári / slíðrvönd draga

Sex dæmi í 71 vísu er skýr vitnisburður um að s-stuðlun hafi verið því skáldi eðlileg sem orti *Gullkársljóð*. Í *Hrafnagaldri* eru engin dæmi um s-stuðlun. Það kvæði er að vísu aðeins 26 erindi og tilviljun gæti ráðið því að s-stuðlun kemur ekki fyrir. Eigi að síður bendir þetta frekar en hitt til ungs aldurs kvæðisins.

2.3 Hljóðdvalarbreytingin

Til forna var gerður greinarmunur í íslensku á þungum og léttum atkvæðum. Þessi greinarmunur var mikilvægur í kveðskap en nokkuð flókið er að gera grein fyrir hvernig hann birtist í fornyrðislagi enda um margar línu-gerðir að ræða (Sievers 1893). Til að gera þennan kafla ekki of langan⁵ en sýna þó í grundvallaratriðum hvað um ræðir verður hér aðeins litið á línur sem samanstanda af tveimur tveggja atkvæða orðum. Í reglulegu fornyrðislagi skiptast slíkar línur í tvo flokka. Í A-gerð er fyrri atkvæði beggja orðanna þungt. Í A2k-gerð er fyrri atkvæði seinna orðsins létt og seinna atkvæði fyrri orðsins þungt. Við skulum líta á hvernig viðkomandi vísuorð skiptast í þessa tvo flokka í fyrstu 10 vísu *Gullkársljóða*.

5 Ítarlegri umfjöllun verður að finna í doktorsritgerð minni.

310

GRIPLA

A: 1.6 mestrar sælu 6.4 ýta vissi
2.4 dóttur eina 7.8 hringar brenndir
2.8 Æsu nefndu 9.6 fagarar hnossir
3.5 engi skyldi 9.8 leika vildir
4.2 móðir hennar 10.2 brugðinn illa
5.6 sauma efni

A2k: 1.2 Eirík konung 4.8 hannyrð nema
1.8 skjöldungur alinn

Öll 14 vísuorðin eru í samræmi við fornar reglur og greinilegt að ort er eftir gömlu hljóðvölinni. Í fyrstu 10 vísu *Hrafnagaldurs* litur staðan svona út:

A: 1.2 álfar skilja 5.1 stendur æva
1.4 vísa nornir 6.5 álfa ættar
1.7 þreyja þursar 6.7 Ívalds eldri
2.1 ætlun Æsir 6.8 yngsta barna
2.2 illa gátu 7.1 eirði illa
2.4 vættar rúnum 7.4 haldin meiði
2.6 Urður geyma 7.8 vistum heima
2.8 mestum þorra 8.2 syrgja Naumu
3.2 himna leitar 8.4 vargsbelg seldu
3.6 þunga draumur 8.6 lyndi breytti
3.8 draumur þótti 9.1 valdi Viðrir
4.2 dvína heimar 9.3 Gjallar sunnu
4.8 aftur safnar 10.1 galdur gólu

A2k: Ekkert dæmi.

Annað: 1.3 vanir vitu 5.7 vissa vera
1.6 aldir bera 6.4 aski hnigin
2.3 veður villtu 8.8 litum skipti
3.3 grunar guma 9.8 báru kviðu
3.7 Dáins dulu 10.2 göndum riðu
4.4 niði sökkva 10.8 langa vegu
4.6 ofan fellir

Hér eru strax í fyrstu 10 vísunum 13 dæmi sem brjóta í bága við forna hljóðdvöl. Þegar kvæðin eru skoðuð í heild sést að um 28% af tvisvar tvíkvæðum vísuorðum í *Hrafnagaldri* brjóta í bága við forna hljóðdvöl en í *Gullkársljóðum* er um tvær línur að ræða (19.2 og 44.4). Í fornum kvæðum undir fornyrðislagi koma fyrir einstaka línur sem eru ekki í samræmi við reglurnar sem hér hefur verið lýst (t. d. *Lofars hafat* í *Völuspá*) svo að þessar tvær línur geta ekki talist vísbending um að áhrifa hljóðdvalarbreytingarinnar gæti í *Gullkársljóðum*. Hins vegar er greinilegt að *Hrafnagaldur* er ekki ortur í samræmi við forna hljóðdvöl.

Greinileg merki um hljóðdvalarbreytinguna sjást í íslenskum kveðskap um 1500 en nokkuð eimir eftir af gömlum bragreglum næstu tvær aldirnar. Breytingin birtist á mismunandi hátt eftir bragarháttum (sjá Björn Karel Þórólfsson 1929) og tímasett kvæði undir fornyrðislagi eru of fá til að hægt sé að komast að alveg öruggum niðurstöðum um áhrif hennar á þann hátt. Þegar allt er skoðað þykir mér þó einlægast að túlka gögnin sem vísbendingu um að *Gullkársljóð* séu frá því fyrir 1500 en *Hrafnagaldur* frá því eftir 1600.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem rætt er um *Hrafnagaldur* og hljóðdvalarbreytinguna. Áður hefur Kristján Árnason (2002) rannsakað kvæðið og komist að sömu niðurstöðu og sá sem þetta skrifar. Kristján sýnir að sjö vísuorð eru í kvæðinu þar sem tvö létt orð eru látin mynda tvíliði í sömu línu (t. d. *vanir vitu*). Annette Lassen túlkar þessa athugun dálítið of bókstaflega þar sem hún segir að aðeins 3% vísuorða kvæðisins brjóti gegn fornum bragreglum og það sé of lítið til að sanna neitt (Lassen 2006, 555). Kristján tekur í sinni athugun aðeins það sem við gætum kallað grófustu dæmin um brot á bragreglum en í raun eru vísuorð eins og *litum skipti* eða *báru kviðu* ekki eðlileg í fornyrðislagi til forna, rétt eins og *vanir vitu*.

2.4 Stoðhljóð

Um 1300 sjást fyrstu merki í handritum um að beygingarendingin –r verði atkvæðisbær og á 14. öld er þessi breyting sýnileg í kveðskap (sjá einkum Ari Páll Kristinsson 1987 og 1992). Fyrst í stað, t. d. í Lilju, virðist þessu aðeins bregða fyrir hér og hvar en þegar rímnaskáldin taka til starfa er stoðhljóðið orðið býsna algengt. Þar hafa menn talið sig greina þá reglu að –r sé atkvæðisbært nema í lok vísuorðs eða á undan áherslulausu orði sem hefst á sérhljóða (Ólafur Halldórsson 1973, 14–15 og Kock 1923–46, §1558,

§1763). Þessi regla virðist ná yfir alla bragarháttu sem hafa hendingar eða endarím á tímabilinu frá miðri 14. öld og fram til um 1600. Hvort hún nær einnig yfir fornryðislag er hins vegar ekki ljóst og heldur ekki hvort línuskil teldust þá vera eftir hvert vísuorð eða aðeins eftir jöfnu vísuorðin („b-línurnar“).

Þar sem atkvæðafjöldi í fornryðislagi er fremur frjálstegur er ekki auðvelt að fullyrða um neitt út frá einstökum dæmum. Til að komast að marktækum niðurstöðum er heppilegast að beita tölfræðilegum aðferðum. Ég hef því talið atkvæðafjölda í öllum vísuorðum kvæðanna sem hér um ræðir en tekið vísuorð sem hafa *-r* endingar⁶ frá og talið þau sérstaklega. Fyrst skulum við skoða viðmiðunarhóp af fornum kvæðum.

	Sigurðarbálkur	Oddrúnargrátur	Brot af Sigurðarkviðu
meðaltal án <i>-(u)r</i>	4,19 (4,14–4,24)	4,52 (4,43–4,62)	4,52 (4,40–4,63)
meðaltal <i>-r</i>	4,12 (4,04–4,20)	4,50 (4,20–4,80)	4,42 (4,20–4,64)
meðaltal <i>-ur</i>	5,28 (5,16–5,41)	5,65 (5,36–5,94)	5,42 (5,20–5,64)

Fyrsta línan í töflunni sýnir meðalfjölda atkvæða í vísuorðum sem hafa ekkert *-r*. Önnur línan sýnir meðalfjölda atkvæða í vísuorðum sem hafa *-r* (eitt eða fleiri) ef ekki er gert ráð fyrir stöðhljóði. Þriðja línan sýnir meðalfjölda atkvæða í vísuorðum sem hafa *-r* ef gert er ráð fyrir atkvæðisbæru stöðhljóði. Allar tölur eru sýndar með 95%-öryggisbilum, miðað við normaldreifingu. Munurinn á tölunum í fyrstu línunni og tölunum í annarri línunni er alls staðar innan óvissumarka og sýnir það okkur, sem við vissum fyrir, að *-r* er ekki atkvæðisbært í þessum kvæðum.

Skoðum nú viðmiðunarhóp af ungum kvæðum, ortum nálægt 1600 (sjá kafla 1.4).

	Hugdæla ⁷	Barnadilla	Fjölmóður ⁸
meðaltal án <i>-(u)r</i>	5,01 (4,93–5,09)	4,62 (4,56–4,68)	4,92 (4,82–5,02)
meðaltal <i>-r</i>	3,88 (3,67–4,10)	3,66 (3,41–3,90)	3,83 (3,49–4,18)
meðaltal <i>-ur</i>	5,00 (4,80–5,20)	4,72 (4,45–5,00)	4,88 (4,56–5,19)

6 Orðmyndum sem hafa fornt *-ur* (t. d. *konur*, *móður*) er að sjálfsgöðu haldið aðgreindum frá þeim sem hafa fornt *-r*.

7 Aðeinst fyrsta 'stefið' af *Hugdælu* er hér tekið með, það eru 46 vísur.

8 Aðeins fyrstu 35 vísurnar af *Fjölmóði* eru teknar með.

Hér munar sáralitlu á línunum 1 og 3 og eðlilegast er að túlka það þannig að –r sé alltaf atkvæðisbært í þessum kvæðum. Þetta er athyglisverð niðurstaða því að í rímum eftir sömu skáld er –r venjulega ekki atkvæðisbært í lok línu.⁹ Reglan sem lýst var hér að ofan virðist því ekki gilda í fornyrðislagi.

Nú getum við skoðað kvæðin sem hér eru til umfjöllunar.

	Hrafnagaldur	Gullkársljóð
meðaltal án –(u)r	4,20 (4,13–4,26)	4,61 (4,56–4,67)
meðaltal –r	3,30 (3,11–3,49)	4,25 (4,06–4,45)
meðaltal –ur	4,37 (4,19–4,54)	5,32 (5,14–5,51)

Í *Hrafnagaldri* er munurinn á línunum 1 og 3 innan óvissumarka og eðlilegt er að túlka það þannig að –r sé atkvæðisbært í kvæðinu.

Erfiðara er að meta *Gullkársljóð*, þar ná öryggisbilin ekki saman, hvort sem miðað er við atkvæðisbært eða óatkvæðisbært –r. Tölurnar eru þó töluvert nær því að ná saman fyrir óatkvæðisbært –r og kvæðið virðist því nær fornu kvæðunum að þessu leyti en þeim nýju. Tvær skýringar virðast helst koma til greina:

- 1) *Gullkársljóð* hafa upphaflega haft óatkvæðisbært –r en hafa raskast talsvert í munnlegri geymd svo að nú virðist sem –r sé atkvæðisbært í svo sem þriðjungu tilfella.
- 2) *Gullkársljóð* eru ort á þeim tíma þegar breytingin á –r var nýkomin upp og ekki orðin algild.

Ítarlegri rannsóknir á kveðskap 14.–16. aldar þarf til að hægt sé að túlka tölurnar sem hér eru sýndar af öryggi. Til bráðabirgða virðist mér þó eðlilegast að túlka gögnin þannig að *Gullkársljóð* séu ort fyrir 1400 en *Hrafnagaldur* eftir.

2.5 Tökuorð og ungar orðmyndir

Ein leið til að aldursgreina texta er að skoða aldur tökuorða í honum. Þessi aðferð gefur betri raun eftir því sem textinn er lengri og hentar til dæmis

9 Ég hef til samanburðar skoðað *Sjálfdæilur* eftir Hall Magnússon (Lbs 2030, 4to), *Ármanns rímur* eftir Jón lærða (Jón Helgason 1948) og *Júðitar rímur* eftir Einar í Eydölum (Jón Torfason og Kristján Eiríksson 2000).

nokkuð vel með rímnaflokka. Á 15. öld koma mörg tökuorð inn í íslensku, einkum úr miðlagþýsku, og sum tökuorð sem koma eitthvað fyrir í eldri heimildum verða þá fyrst algeng. Þannig er nokkurn veginn hægt að þekkja í sundur rímur frá 14. öld og 15. öld á því að í þeim yngri koma oft fyrir orð eins og *par*, *plaga*, *makt*, *þenkja*, *frygð*, *ferskur* og *klénn*. Sum tískuorð á þessum tíma hverfa síðan aftur.

Yngsta tökuorð sem kemur fyrir í *Gullkársljóðum* er *skarlat* en það orð hefur sennilega komist inn í íslensku á 13. öld og finnst m. a. í *Morkinskinnu* (ONP). *Gullkársljóð* eru nógu langt kvæði (71 erindi) til að einhverra ungra tökuorða væri að vænta ef kvæðið væri ungt. Til samanburðar er það sem varðveitt er af *Ólafs rimum af Raudúlfs þætti* aðeins 47 erindi (Finnur Jónsson 1905–1922 I, 215–221) en þar koma bæði fyrir orðin *strax* og *soddan* og sýnir það (sem einnig er ljóst af öðru) að rímurnar geta ekki verið eldri en frá því um 1500. Herburtsrímur eru 165 erindi (Wisén 1881, 63–88) og þar koma m. a. fyrir orðin *plaga*, *makt*, *art* og *klénn* sem sýna að rímurnar tilheyra ekki þeim allra elstu. Að engin slík orð finnist í *Gullkársljóðum* eru því rök, þótt þau séu ekki óyggjandi, fyrir að kvæðið sé býsna gamalt.¹⁰

Hrafnagaldur er miklu styttra kvæði og því minna gagns að vænta af þessari aðferð. Yngsta tökuorðið sem þar kemur fyrir er *máltíð*. Orðið kemur fyrst fyrir í íslenskum heimildum á seinni hluta 14. aldar og verður algengt um 1500 (ONP).

Í *Hrafnagaldri* er ýmis einkennileg orðnotkun sem Sophus Bugge taldi til marks um að höfundur kvæðisins hefði viljað stæla forn kvæði en ekki haft næga þekkingu á fornmalinu til að gera það rétt. Bugge nefnir t. d. orðmyndirnar *máttk* og *hveim* (1867, XLVII). Til forna getur lýsingarorðið *máttig(r)* haft þolfallið *máttka(n)*. Sá sem orti *Hrafnagaldur* virðist hafa þekkt þolfallsmyndina og myndað af henni nýtt nefnifall. Orðmyndin *hveim* er forn sem þágufall af spurnarfornafninu *hverr* en það er ekki fornt að nota orðið sem tilvísunarfor nafn.

Í *Gullkársljóðum* eru ekki málfyrningar af þessu tagi, það sem þar er fornlegt í máli (t. d. *mundak* í 9.5) er rétt með farið.

10 Einhver gæti látið sér detta í hug að tökuorð komi miklu síður fyrir í sagnakvæðum en rimum vegna þess að fyrrnefndu kvæðin séu alþýðlegri. Sagnakvæði eru þó ekki ónæm fyrir tökuorðum, í *Hyndluljóðum* yngri kemur orðið *klénn* þrisvar fyrir og *antigna* einu sinni. Þar er einnig fleira til vitnis um að kvæðið er ungt, t. d. finnst þar ekki s-stuðlun og /j/ stuðlar aðeins við sjálft sig.

2.6 Niðurstöður

Þau mállegu og bragfræðilegu atriði sem hér hafa verið skoðuð benda öll til að *Gullkársljóð* séu töluvert eldra kvæði en *Hrafnagaldur*. Mér þykir líklegast að *Gullkársljóð* séu ort um 1350, en *Hrafnagaldur Óðins* á fyrri helmingi 17. aldar. Nú verður litið á hvort kvæði fyrir sig og þessar tímasetningar sýndar í bókmenntasögulegu samhengi.

3. *Gullkársljóð*

Ef *Gullkársljóð* eru raunverulega frá 14. öld mætti búast við að frjótt væri að bera þau saman við aðrar miðaldabókmenntir. Þetta reynist vera tilfellið, bæði hvað varðar sagnaminni og orðalag.

3.1 *Jónet*

Einar Ól. Sveinsson (1940, 81) hefur bent á skyldleika *Gullkársljóða* við minnið AT 432 (prins í fuglslíki) og þá sérstaklega við *Jónet*. Þessu er vert að gefa nokkurn gaum.

Jónet er hluti af safninu sem nefnt er Strengleikar en í því eru stuttar sögur sem snarað var úr frönskum ljóðum í norrænan prósa á 13. öld. Það sem sameiginlegt er með *Gullkársljóðum* og *Jónet* má orða nokkurn veginn svona:

Konungur geymir tigna mey í skemmu og líkar henni það all-illa. Hún sér birtast fyrir glugga sínum fríðan svein sem hefur yfirnáttúrulega eiginleika. Ástir takast með sveininum og meynni. Konunginum líkar grunsamlegt háttaleg meyjarinnar illa og rannsakar málið ásamt konu nokkurri. Brugðið er á það ráð að leggja gildru fyrir sveininn. Næst þegar sveinninn vitjar meyjarinnar gengur hann í gildruna og fær mikið sár. Hann flýr úr skemmuni til síns heima. Mærin fylgir á eftir með því að rekja blóðrásina. Hún fer út í myrkar óbyggðir. Þaðan sér hún vænar byggðir og heldur þangað. Hún finnur þar unnusta sinn aftur, særðan í rekkju.

Því er ekki að neita að hér er gildur þráður sameiginlegur. En einnig er margt mjög ólíkt með sögunum. Í *Jónet* er sveinninn ekki álfur heldur riddari sem getur brugðið sér í fuglsham. Konungurinn er ekki faðir meyjarinn-

ar heldur eiginmaður hennar. Konan sem aðstoðar konunginn er ekki göldrótt flagðkona komin langt að heldur öldruð systir hans og það er konungurinn sem kemur gildrunni fyrir en ekki hún. Í *Jónet* deyr sveinninn þegar mærin vitjar hans og heldur sagan áfram nokkurt skeið eftir það. Ekkert er í *Jónet* um hannyrðir eða tafl og sveinninn stendur ekki í að svæfa vonbiðla meyjarinnar. Þó koma raunar fyrir í *Jónet* þrír sofandi menn og kynnu þar að vera tengsl.

Ekkert verður hér fullyrt um hvernig sambandi *Jónets* og *Gullkársljóða* er háttað enda eru ævintýraminni lífseig og fara víða. Vel má vera að *Gullkársljóð* séu einhvers konar afkomandi *Jónets*, eins og Aðalheiður Guðmundsdóttir (væntanlegt) telur líklegast, en eftirtektarvert er hversu innlendan svip efnið hefur fengið í *Gullkársljóðum*.

3.2 *Völundarkviða*

Líkindi eru milli *Gullkársljóða* og ákveðins þáttar í *Völundarkviðu*. Í síðar-nefnda kvæðinu ræðir konungsdóttirin Böðvildur við hinn haga Völund, sem kallaður er *vísi álfa*. Því miður virðist eitthvað hafa glatast úr kvæðinu á þessum stað en af samanburði við *Velents þátt* verður ljóst að Böðvildur óttast reiði foreldra sinna vegna gullhrings sem hún hefur brotið.¹¹ Völundur lofar að bæta úr og kemur síðan fram vilja sínum gagnvart Böðvildi, að því er virðist ekki síst til að hefna sín á föður hennar.

Þá nam Böðvildr
baugi at hrósa,
.....
er brotit hafði:

’Þoriga ek at segja
nema þér einom’.

Völundr kvað:

’Ek bæti svá
brest á gulli,

¹¹ „ívngrfrv bravt svndr sinn hinn bezta gvllring. sva at engo var nytr. Oc þetta þorir hon eigi at segja sinom feðr eða mæðr“ (Unger 1853, 89).

at feðr þínom
fegri þikkir,
ok mæðr þinni
miklo betri,
ok siálfri þér
at sama hófi.' (Dronke 1997, 250)

Í *Gullkársljóðum* er það konungsdóttirin Æsa sem óttast reiði foreldra sinna vegna þess að hún hefur spillt handavinnu sem hún átti að sinna. Hún kvartar við Gullkár, konung í Álfheimum.

„Minn er borði
brugðinn illa
svó og saumar
að sama hófi.
Því er eg einsömul
hirð í húsi
að fljóði er reiðr
faðir og móðir.“ (*Gullkársljóð* 10)

Gullkár reynist fær í allri handavinnu og bætir úr raunum meyarinnar. Þau verða síðan elskendur, gegn vilja föður hennar.

Það sem er sameiginlegt með *Völundarkviðu* og *Gullkársljóðum* má orða einhvern veginn svona:

Konungsdóttir óttast reiði foreldra sinna vegna þess að hún hefur eyðilaggt grip. Hún kvartar við hagan álfakonung. Sá lofar að bæta úr vandræðum hennar og þau verða elskendur, mjög í óþökk föður hennar.

Þessi líkindi eru mun minna afgerandi en þau sem áður voru rakin við *Jónet*. Það sem fær mig þó til að halda að ekki sé um tilviljun að ræða er að bæði í *Völundarkviðu* og *Gullkársljóðum* kemur fyrir orðasambandið *að sama hófi* einmitt í samtali konungsdótturinnar og álfakonungsins. Þetta orðasamband kemur annars hvergi fyrir í miðaldakveðskap¹² og reyndar

12 Skylt er þó að geta þess að í vísu í *Hálfs sögu* og *Hálfsrekka* kemur fyrir orðasambandið *at sömu hófi* (*Skj* A II, 264).

hef ég ekki getað fundið það í neinum öðrum miðaldatexta. Þess vegna þykir mér líklegt að höfundur *Gullkársljóða* hafi þekkt *Völundarkviðu* eða eitthvert skylt kvæði.

3.3 Hefð, textalán og stælingar

Finnur Jónsson segir að í sagnakvæðunum „findes enkelte verbal-lån og efterligninger af ældre digte, der viser et kendskab til ældre digtning“ (1924, 132). Það er rétt athugað að ýmis orðalagslíkindi eru með sagnakvæðunum og eldri kveðskap en það er ekki þar með sagt að yngri kvæðin séu eftirlíkingar eða stælingar á þeim eldri. Skyldleikinn er miklu frekar þess eðlis að sagnakvæðin og eldri kvæði undir fornyrðislagi eru hluti af sömu hefð sem hefur innihaldið ýmiss konar formúlukennt orðalag.¹³ Við hljótum alltaf að gera ráð fyrir að þau kvæði sem varðveist hafa séu aðeins brot af þeim fjölda sem til var. Að sama orðalag komi fyrir í tveimur varðveittum kvæðum þarf því ekki að þýða að yngra kvæðið hafi fengið að láni úr því eldra. Orðalagið getur hafa verið hluti af almennum sjóði sem mörg kvæði sóttu í (sjá nýlegar rannsóknir í þessum anda hjá Thorvaldsen 2006 og 2008).

Böðvar Guðmundsson notar rökin um orðalagslíkindi við forn kvæði til að ýja að því að sagnakvæðin séu ort eftir siðaskipti. Hann bendir á að ekkert sagnakvæðanna sé varðveitt í handritum eldri en frá 17. öld og segir að „greinilegur endurómur frá eddukvæðum“ sem í þeim sé komi „vel saman og heim við vaknandi áhuga lærdómsaldarmanna á fortíðinni“ (2006, 483). Ég get ekki fallist á þessa skoðun. Þau líkindi við Eddukvæði sem fram koma í sagnakvæðunum eru ekki þess eðlis að lærdómsaldarmenn með áhuga á fortíðinni hafi komið þar að málum. Sagnakvæðin eru alþýðubókmenntir kvenna og barna (Bergljót Kristjánsdóttir 1996, 208–210; Hughes 2002, 100–101) og lítt við smekk lærðra manna, enda munu þeir fremur hafa litið niður á þau en hitt.¹⁴

Þeir menn á lærdómsöld sem tóku sér fyrir hendur að yrkja í Eddukvæðastíl bjuggu til afurð sem er mjög ólík sagnakvæðunum. Eddukvæði lærdómsaldar eru þrungin lærdómi, nokkuð stírkveðin og sækja mest í *Völuspá* og *Hávamál*. Sagnakvæðin hafa hins vegar létt mál og eðlilega

13 Þegar saman fara orðalagslíkindi og efnisleg líkindi, eins og í dæminu að ofan um *Völundarkviðu* og *Gullkársljóð*, aukast hins vegar líkurnar á að um beint samband sé að ræða.

14 Þannig kallar Árni Magnússon *Hynduljóð hin yngri* „ónýt“ (RR III: XVIII).

frásögn og eiga meira sameiginlegt með unglegum hetjukvæðum en fornum goðakvæðum.

3.4 Orðalagslíkindi

Ýmis orðalagslíkindi eru með *Gullkársljóðum* og fornum kveðskap, einkum frá 12. og 13. öld. Af fornlegu skáldamáli má nefna orðið *slíðrvöndr* en það kemur annars aðeins fyrir hjá Rögnvaldi kala (d. 1158). Kvenkenningin *námeik* er einnig athyglisverð. Það er mjög sjaldgæft og allfornlegt að kenna konur við nám eða námdúk en með því mun átt við einhvers konar flík. Tvö dæmi um kenningar af þessu tagi finnast í *Lexicon Poeticum*, annað telur Finnur Jónsson til 12. aldar en hitt til u. þ. b. 1000. Ég get hvergi fundið kenningar af þessu tagi í rímum eða öðrum yngri kveðskap.¹⁵ Í *Gullkársljóðum* er kona kölluð bæði *laukreiðr* og *gullreiðr*. Stofninn *reiðr* í kvenkenningum kemur annars aðeins fyrir í vísu í *Njáls sögu* sem Finnur Jónsson taldi til 13. aldar (*Skj A II*, 203).¹⁶

Orðalagssamsvaranir eru mestar milli *Gullkársljóða* og annarra kvæða undir fornyrðislagi. Ýmislegt mætti tína til en hér verða aðeins sýnd helstu dæmi úr þremur kvæðum.

Gullkársljóð 70.7–8
að hann manna varð
mestr undir sólu.

Grípisspá 10.1–2 (Edda I, 263)
Þú munt maðr vera
mæztr und sólu

Gullkársljóð 31.7
lofsæl kona

Grípisspá 48.6 (Edda I, 277)
lofsæl kona

Gullkársljóð 46.3
flárað kona

Hervararkviða 26.3 (Edda II, 550)
flárað kona

15 Sigfús Blöndal segir í orðabók sinni að orðið komi í nútímamáli aðeins fyrir í kveðskap en eina dæmið sem hann gefur er ‘námseik’ og e. t. v. hefur hann þar haft *Gullkársljóð* fyrir sér. Ásgeir Blöndal Magnússon segir í *Íslenskri orðsifjabók* að orðið sé „alg. í kvenkenningum“ en aftur er eina dæmið ‘námseik’ og sjálfsagt liggja þar engar sjálfstæðar athuganir að baki. Björn Karel Þórólfsson nefnir orðið ekki þar sem þess væri að vænta ef hann hefði fundið það í rímum (1934, 188).

16 Í *Sigurðar rímum fótis* V.8 (Finnur Jónsson 1905–1922 II, 315) kemur fyrir visuorðið *ljómim stendr aflauka reiði*. Þarna gæti *reiði* verið þágufall af *reiðr*.

Gullkársljóð 61.1–3	Hervararkviða 5.1–3 (Edda II, 542)
Lá hun ein saman út hjá viðum dökkvar grímur	maðr einn saman myrkvar grímur
Gullkársljóð 49.5–6	Örvar-Odds kviða 36.1–2 (Skj B II, 331)
Finumst síðan á fegins dægri	Fundusk allir á feginsdægri
Gullkársljóð 71.1–2	Örvar-Odds kviða 54.5–6 (Skj B II, 335)
Feginn varð hilmir fundi Æsu	varðk svá feginn fundi þeira

Gullkársljóð virðast eiga einna mest sameiginlegt með kveðskap í *Örvar-Odds sögu*, meðal annars koma orðin *siliskyrta* og *eitrblandinn* fyrir á báðum stöðum. Á einum stað má meira að segja leiðrétta varðveittan texta *Gullkársljóða* eftir *Örvar-Odds sögu*.

Gullkársljóð 47.5–6	Örvar-Odds saga (Skj B II, 323)
enn hun er feifull og flarad miög ¹⁷	feikna-fullan ok flaráðan

Í staðinn fyrir orðleysuna *feifull* hefur kvæðið upphaflega haft *feiknfull*. Í *Hervararkviðu* kemur fyrir orðið *fullfeikn* sem athyglisvert er að Guðni Jónsson leiðrétti í *feiknfull* (1954, 21).

Bæði í *Gullkársljóðum* og *Örvar-Odds kviðu* kemur fyrir formúla sem auk þess finnst í *Hervararkviðu* og í þremur öðrum sagnakvæðum.

Hervararkviða 15.7–8 (Edda II, 546)	Bryngerðarljóð 37.3–4 (Pulur, 88)
skyntu, mær, ef þú mátt til skipa þinna	skundað hefir skjöldúngur til skipa sinna

17 Hér lesið eftir Thott 489, 8vo. Önnur handrit hafa m. a. *feyfull*, *feifull*, *seiðfull*, *fiefull* og *fengufull* en af ættartengslum handrita má sjá að *feifull* hefur staðið í erkirritinu og aðrir leshættir eru leiðréttingartilraunir.

Örvar-Odds kviða 13.1–2 (Skj B II, 327) Gullkársljóð 31.3–4

Réðum skunda til skipa ofan	Verð eg að skunda til skipa ofan
--------------------------------	-------------------------------------

Kringilnefjukvæði 18.3–4 (Pulur, 41) Kringilnefjukvæði 19.1–2 (Pulur, 41)

þú skalt skunda til skipa ofan	Skunda eg ekki til skipa ofan
-----------------------------------	----------------------------------

Kringilnefjukvæði 22.1–2 (Pulur, 42) Vambarljóð 67.3–4 (Pulur, 54)

Skundar hún síðan til skipa ofan	en eg mun skunda til skipa ofan
-------------------------------------	------------------------------------

Hvergi í kveðskap utan fornyrðislags hef ég fundið orðin *skunda* og *skip* notuð saman. Því tel ég þetta dæmi vera einhverja skýrustu sönnunina á því að sagnakvæðin hafi fengið í arf formúlukennt orðalag úr eldri sjóði kvæða undir fornyrðislagi.

Í heild renna þessar athuganir á orðalagslíkindum frekari stoðum undir þá kenningu að *Gullkársljóð* tilheyri íslenskum miðaldakveðskap.

3.5 Önnur sagnakvæði

Mest orðalagslíkindi eru milli *Gullkársljóða* og annarra sagnakvæða og er ekkert rými til að rekja það allt hér. Mest er samsvörunin við *Vambarljóð* (um 20 vísuorð), *Bryngerðarljóð* (um 15 vísuorð) og *Kringilnefjukvæði* (um 10 vísuorð) en einnig finnst nokkur skyldleiki við *Kötludraum*, *Snjáskvæði*, *Þóruljóð* og *Hyndluljóð*.

Í umfjöllun sinni um sagnakvæðin sagði Finnur Jónsson að „de var værd et nærmere studium“ (1924, 132). Því miður hefur lítið orðið úr slíkum rannsóknum (sjá þó Gísli Sigurðsson 1995) og sú prentaða útgáfa sem til er af kvæðunum er harla ófullkomin og ónákvæm. Til að renna traustari stoðum undir rannsóknir er þörf á nýrri útgáfu.

4. Hrafnagaldur

Að ofan var rökstutt frá málfræðilegu sjónarmiði að *Hrafnagaldur Óðins* sé til orðinn eftir siðaskipti og sé e. t. v. ekki verulega eldri en elstu handrit sem geyma hann. Hér verður þessi tímasetning sett í samhengi við efni og anda kvæðisins en fyrst verður að fjalla dálítið um þau rök sem fram hafa komið um aldur kvæðisins.

4.1 Deilan um aldurinn

Hrafnagaldur komst fyrst á prent í fyrstu prentuðu útgáfu Eddukvæða, nánar tiltekið í fyrsta bindinu en það kom út 1787. Næstu 80 árin var kvæðið yfirleitt talið hluti af Eddukvæðum og tekið upp í útgáfur og þýðingar, t. d. hjá Cottle (1797), Finni Magnússyni (1821–1822), Munch (1847), Simrock (1851), de los Ríos (1856) og Thorpe (1866). Ýmsir höfðu mætur á kvæðinu. William og Mary Howitt sögðu *Hrafnagaldur* og *Vegtamskviðu* vera „amongst the most deeply poetical and singular hymns of the Edda“ og *Hrafnagaldur* vera „full of darkness, mystery, and fear“ (1852, 85).

Í hinni áhrifamiklu Eddukvæðaútgáfu Sophusar Bugge var kveðið upp úr með að Hrafnagaldur væri ungt kvæði og skyldi „for Fremtiden udelukkes fra Samlingen af norrøne mythiske og heroiske Kvæder“ (1867, XLVI). Þessum tilmælum Bugge var fylgt og *Hrafnagaldur* hverfur nú að mestu úr fræðilegri umræðu um langa hríð.

Undir lok 20. aldar vaknar áhugi á kvæðinu á nýjan leik. Jónas Kristjánsson (2002) og Annette Lassen (2006)¹⁸ gera því skóna að kvæðið sé eldra en Bugge taldi en Kristján Árnason dregur það í efa (2002). Ekki verður komist hjá því að fjalla hér um röksemdir Jónasar.

Í fyrsta lagi bendir Jónas á að kvæðið sé torskilið og líklega afbakað. En torskilið getur kvæði vel verið frá hendi höfundarins og ekki þarf nema eina ónákvæma uppskrift til að það afbakist. Torskilinn texti er einmitt sá sem líklegastur er til að afbakast í uppskriftum. Jónas dregur í efa að skáld fyrr á öldum hafi „vísitandi hrönglað saman torráðnum orðum og setningum“ en það gerðu þau sannarlega sum hver. Margt í *Brávallarímum* Árna Böðvarssonar væri óskiljanlegt nema vegna þess að rímurnar eru

¹⁸ Rétt áður en *Gripla* fór í prentun var mér tjáð að Lassen hafi nú sannfærst um að *Hrafnagaldur* sé frá 17. öld og muni halda fram þeirri skoðun í væntanlegri fræðilegri útgáfu á kvæðinu.

varðveittar í eiginhandarriti og með skýringum skáldsins sjálfs (RR VIII, CCXVII). Þau kvæði sem Árni orti undir fornyrðislagi eru ekki síður hörð undir tönn. Menn geta til dæmis spreytt sig á að skýra fimmta erindi *Álfamála*, lesið hér eftir handriti þar sem það er skrifað með rúnalettri.

Ber sier i miler
 bloþe fothrumur
 uifþar og uala
 uanakost loka
 þess nam inne
 þar sem gima
 af uagnahjalms tarum
 uerþur suartre. (Lbs 1341, 8vo, 52r–52v)

Einnig má minna á að tímabilið sem hér um ræðir hefur verið kennt við barokk en „[b]arokkskáldin sóttust í kveðskap sínum eftir því sem var flók-
 ið, skrautlegt, ýkt og torskilið“ (Margrét Eggertsdóttir 2005, 47).

Jónas (2002, 6) getur þess til að *Hrafnagaldur* hafi „afbakast á vegferð sinni, fyrst líklega í munnmælum og síðan í uppskriftum“. Kvæðið virðist hins vegar ekki bera skýr einkenni þess að hafa afbakast í munnlegri geymd. Töluvert er varðveitt af kvæðum sem ort voru í kaþólsku en skrifuð upp eftir munnlegri geymd á 17. öld. Sem dæmi um varðveislu kvæðis í munnlegri geymd eru *Krossþulur* hér heppilegar til samanburðar, bæði vegna þess að þær eru undir fornyrðislagi og vegna þess að þær eru til í tveimur mjög misgömlum uppskriftum.

Eldra handrit *Krossþulna* (A = AM 713, 4to) er skrifað um miðja 16. öld og gefur áreiðanlega betri mynd af upphaflegri ásýnd kvæðisins. Yngra handritið (B = AM 716 a, 4to) er skrifað á seinni hluta 17. aldar. Þar er kvæðið, að mati Jóns Helgasonar, „uden tvívl nedskrevet efter mundtlig tradition“ (1936, 238). Eitthvert greinilegasta merkið um þetta er að erindaröðin í handritunum tveimur er mjög mismunandi og hvort tveggja handritið hefur vísur sem hitt hefur ekki. En það sem ég vildi sérstaklega benda á er stuðlasetning kvæðisins. Í báðum handritum eru vísuorð sem vantar stuðla en athyglisverðust eru þau tilfelli þar sem stuðlasetning er rétt í A en bágborin eða ekki til staðar í B. Yfirleitt er þar líklegast að A hafi upphaflegri texta en textinn í B hafi aflagast í munnlegri geymd.

A 3.5–6	B
huer skal recka	skyllt er öllum
sa er rett truer	þeim er riett trua

A. 10.5–6	B
at þeir aller	sä skyllði hvörgi
alldri skylldu	adur nie sijdan

A 17.5–6	B
þar bad hann sitia	þar bad hann ad sitia
ok þadann alldri	og alldrei þadan

A 21.7–8	B
j burtu uar enn ædzti	burtu uar hinn hædsti
allualldur þadan	alualldur þadan

(Jón Helgason 1936, 240–243)

Það er greinilegt að munnleg geymd á tímanum sem um ræðir hefur farið illa með stuðlasetningu kvæða undir fornyrðislagi og í sagnakvæðunum má finna fjölmörg dæmi um gallaða eða enga stuðlasetningu. Höfum þá í huga að þessi kvæði lifðu á vörum fólks á sama tíma og sagnadansarnir, sem einmitt eru bragfræðilega mjög lausir í reipunum. Orðið *fornkvæði* virðist hafa náð bæði yfir sagnadansa og sagnakvæði enda eiga þessir kvæðaflokkar víða samleið í varðveislunni. Eins og sagnakvæðin voru sagnadansar hér á landi einkum kvennabókmenntir (Vésteinn Ólason 1982, 24).

Nú er skemmst frá því að segja að ljóðstafirnir í *Hrafnagaldri* bera þess engin merki að hafa skaddast. Yfirleitt er stuðlasetning í kvæðinu til fyrirmyndar og ekki er hægt að finna vísuorðapar sem skortir stuðla. Þetta þykir mér mæla gegn því að kvæðið sé til okkar komið gegnum munnlega geymd.

Önnur röksemd Jónasar fyrir aldri *Hrafnagaldurs* er að kvæðið sé óheilt. Ekki eru þetta sterk rök enda þarf ekki langur tími að líða frá því að kvæði er ort og þangað til úr því tynist. Hitt er svo annað mál að ég er ekki sannfærður um að *Hrafnagaldur* hafi nokkurn tíma verið lengri en við höfum hann nú. Öll erindin eru heil átta vísuorð og fyrsta vísan virðist mjög eðlilegt upphaf á kvæði. Niðurlagið þykir sumum rýrt í roðinu en kvæðið er svo torráðið að vart er um það að fullyrða.

Þriðja röksemd Jónasar er klausa úr bréfi sem Árni Magnússon skrifaði eftir bruna handritasafnsins. Með athugasemdum Jónasar hljóðar klausan svo:

Eg hafði (sem brann) bréf sal. síra Ólafs, skólameistara okkar [þ.e. Ólafs Jónssonar Skálhóltsrektors, d. 1688], áhrærandi eina af þessum odís [þ.e. Eddukvæðum], mig minnir Hrafnag. Óðins, að mag. Brynjólfur hafi þá kviðu uppskrifa látið eftir gömlu saurugu einstaka blaði, og minnir mig þar stæði að þar aftan við hefði vantað, og eins kynni um fleira gengið vera. Þetta verður so sem allt í þoku, því documentin eru burtu. (Jónas Kristjánsson 2002, 6)

Á þessu er lítið byggjandi um aldur kvæðisins. Jafnvel þótt heimildin væri afdráttarlausari en hún er og sannað teldist að Brynjólfur biskup (1605–1675) hafi komist í tæri við *Hrafnagaldur* sýnir það lítið enda var kvæðið áreiðanlega til á hans dögum. Stakt blað getur fljótt orðið velkt og saurugt og þarf ekki langan aldur til að virðast gamallegt. Til samanburðar má benda á að nokkuð áþekkt heimild er til um að *Gunnarslagur* hafi verið skrifaður upp eftir fornu handriti („ex antiquo codice“, [Birgir Thorlacius] 1818, XXV).

4.2 *Goð á galdraöld*

Íslendingar hafa aldrei verið jafnhandgengnir göldrum og duldum öflum og þeir voru á 17. öld. Á sama tíma átti sér stað mikil fornmenntavakning í landinu og beindist hún ekki síst að hinni heiðnu arfleifð íslenskra bókmennta. Galdramenn hétu þá á heiðnar vættir sér til fulltingis og þó einkum á Óðin. Sem dæmi má benda á særingu undir fornyrðislagi sem er í 17. aldar kverinu sem venjulega er kallað *Galdrabók*. Þar er meðal annars eftirfarandi.

Þess bið eg Óðin
og alla þá
sem kvennrúnir
kunnu að ráða,
að þú í heimi
hvergi þolir

né þrífist
 nema þú elskir mig
 af öllum hug. (Matthías Viðar Sæmundsson 1992, 382–3)

Ekki er að efa að 17. aldar mönnum var alvara með særingum á borð við þessa enda lágu þungar refsingar við öllum galdratilburðum og jafnvel við því að eiga galdrabækur.

Athyglisvert er að skoða hvernig viðhorf skáldanna til hinna heiðnu goða breytist frá síðmiðöldum til 17. aldar. Trúarskald síðmiðalda forðast notkun á kenningum en í veraldlegum kveðskap eru þær alsíða og virðist lítið á þær sem meinlausa hefð. Um 1600 ber á að menn taki heiðnina í skáldamálinu alvarlegar og vilji annaðhvort losna við hana eða réttlæta hana einhvern veginn. Þar er athyglisvert að skoða hugleiðingar séra Ólafs Halldórssonar (um 1570–1614) í mansöng fjórtánda *Pontus rímu*. Þar sver hann af sér í löngu máli þekkingu á *Eddu* og kunningsskap við Æsi. Að lokum verður hann þó að viðurkenna að einhverjar Eddukenningar komi fyrir í rímum hans¹⁹ og gefur á því guðfræðilega skýringu.

En fyrst vingan held eg hér
 himnakónsins ríka,
 þá mun verða að þjóna mér
 Þór og djöflar líka.

Nauðugir æ þó gjöri gagn,
 guði hlýða verða,
 því hvörki hafa mátt né magn
 móti honum að herða.

Komi eg nokkuru í kvæði að
 kenning Eddu greina,
 guði einum þakka eg það,
 sem þetta vill ei meina. (RR X, 371–2)

19 Séra Ólafur beitir hvorki kenningum minna né verr en rímnaskald samtíðar hans. Ég hef áður rökstutt að hann kunnir að hafa þekkt Edduhandrit skylt *Uppsala-Eddu* (Haukur Þorgeirsson 2008b, 165).

Hér er hugsunin að hinir djöfulkynjuðu Æsir verða að þjóna þeim sem Kristur hefur velþóknun á. Þess vegna getur presturinn skreytt kvæði sín með heiðnu skáldamáli og þakkað guði einum fyrir það.

Í rímum fyrir siðaskipti eru áhrif frá fornum bókmenntum um heiðin goð vel sýnileg. Þrennar rímur eru varðveittar sem fjalla beinlínis um goðsöguleg efni, *Lokrur*, *Þrymlur* og *Skiðaríma*. Þær eiga það allar sameiginlegt að fjallað er um goðin í gáskafullum tón og mikið gaman haft á kostnað þeirra (um *Lokrur* sjá Haukur Þorgeirsson 2008c; um *Þrymlur* og *Skiðarímu* sjá Sverrir Tómasson 2000 og 2005). Athyglisvert er að bera þessar rímur saman við *Ýmisrímu* séra Eiríks Hallssonar (1614–1698). Þar rekur Eiríkur sköpunarsögu *Snorra-Eddu* af töluverðri andagift og staðnæmist jafnvel til að dást að sköpunarverkinu.

En mig stanzar einka mest
eitt á marga vega,
hversu þeir hafa hausinn fest
hátt og dáfallega. (RR IX, 57)

Skáldið eykur við efnið úr *Eddu* eftir eigin lærdómi og andagift, meðal annars með því að bæta við fróðleik um höfuðskepnurnar, reikistjörnurnar og grísk-rómversk goð. Þótt *Ýmisríma* sé ekki laus við kímni sýnir hún nokkuð annað viðhorf til goðafræðinnar en gamanrímurnar *Lokrur* og *Þrymlur*. Eiríkur getur tekið heimsmynd *Snorra-Eddu* alvarlega sem undirstöðu fyrir kosmólógiskar hugleiðingar.

4.3 Hrafnagaldur á sautjándu öld

Í síðasta undirkafla var bent á að á 17. öld höfðu landsmenn mikinn áhuga á göldrum og heiðni og tóku þessa hluta tilverunnar alvarlegar en áður. Í þessu samhengi ber að skoða *Hrafnagaldur Óðins*. Í því kvæði ríkir dulúð, goðsagnaáhugi og virðing fyrir heiðnum goðum. Þar er einnig áhugi á göldrum en það sést bæði af nafni kvæðisins og innihaldi. Þar er til dæmis lýst umbreytingu í úlfslíki (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2007, 288) og gandreidd.

Galdur gólu,
 göndum riðu,
 Rögnir og Reginn
 að ranni heimis;
 hlustar Óðinn
 Hliðskjálfu í;
 leit braut vera
 langa vegu. (*Hrafnagaldur Óðins* 10)

Áður var sú niðurstaða fengin á málfræðilegum forsendum að *Hrafnagaldur Óðins* sé kvæði ort eftir síðaskipti, ef til vill frá 17. öld. Það er ekkert í efni kvæðisins sem gefur tilefni til að draga þá niðurstöðu í efa, þvert á móti fellur kvæðið mjög vel að bókmenntalegu og hugmyndalegu umhverfi 17. aldar. Ekki verður vitað hvort skáldið hefur samið kvæðið alveg eftir eigin innsæi eða hvort það hefur stuðst við einhverjar heimildir um forna goðafræði sem nú eru glataðar. Mér þykir fyrri möguleikinn líklegri en þó er rétt að minna á að til er ýmiss konar vitnisburður um forn handrit á 17. öld sem ekki eru lengur til (sjá t. d. Einar G. Pétursson 1998, 438–440).

Þegar Þorsteinn Gíslason ætlaði undir lok 19. aldar að skrifa um íslenskar bókmenntir síðari alda til prófs við háskólann í Kaupmannahöfn svaraði háskóladeildin svo að þær bókmenntir hefðu „nær enga þýðingu fyrir rannsóknir í málfræði, menningarsögu eða bókmenntum Norðurlandþjóða: þær liggja fyrir utan verksvið vísindanna“ (Þorsteinn Gíslason 1966, 278). Maður skyldi ætla að þessi sýn á íslenska bókmenntasögu nyti ekki lengur neins fylgis og að Íslendingar gætu nú kinnroðalaust notið bókmennta frá öllum öldum Íslandssögunnar. Þó er eins og örli stundum á því gamla viðhorfi að íslensk bókmenntaverk hafi mikið gildi ef þau eru frá miðöldum og séu ómerkileg annars. Grein sem hér hefur verið fjallað um og þar sem rökstutt er að *Hrafnagaldur Óðins* sé eldri en frá 17. öld, ber undirtitilinn *fornkvæði reist úr ösku* og dettur manni þá helst í hug að yfir fornkvæðum sé reisin en 17. öldin sé tóm aska.

Að mínum dómi hefur *Hrafnagaldur Óðins* engu minna bókmenntalegt gildi fyrir að vera frá 17. öld fremur en síðmiðöldum. Þvert á móti held ég að réttur skilningur á aldri og hugmyndalegu samhengi þessa torskilda kvæðis verði til þess að við lærum betur að meta það.

HEIMILDIR

HANDRIT

- Lbs 1341, 8vo. [Kvæðabók frá 18. öld].
 Lbs 2030, 4to. [Hluti af kvæðauppskriftum Jóns Þorkelssonar].
 Lbs 2676, 4to. [*Lystiháfur* – ljóðasafn Benedikts Bechs].
 Thott 489, 8vo III. [Sagnakvæðasafn].
 Stock. papp. 25, 4:o. [*Vatnsdæla saga* og *Músabálkur*].

RANNSÓKNIR OG ÚTGÁFUR

- Aðalheiður Guðmundsdóttir. [Væntanlegt]. „Old French lais and Icelandic sagnakvæði.“
 Aðalheiður Guðmundsdóttir. 2007. „The Werewolf in Medieval Icelandic Literature.“ *JEGP* 106: 277–302.
 Aðalheiður Guðmundsdóttir. 1997. „(Ó)Traustar heimildir. Um söfnun og útgáfu þjóðkvæða.“ *Skáldskaparmál* 4: 210–226.
 Ari Páll Kristinsson. 1987. *Stoðhljóðið u í íslensku*. [Námsritgerð].
 Ari Páll Kristinsson. 1992. „U-innskot í íslensku.“ *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14: 15–33.
 Arngrimur Jónsson. [1624]. *Catonis disticha*. [Hólum].
 Ármann Jakobsson. 2009. *Bókmenntir í nýju landi. Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta*. Reykjavík: Bjartur.
 Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
 Bergljót Kristjánsdóttir. 1996. „„Gunnlöð ekki gaf mér neitt af geymsludrykknum forðum...“ Um Steinunni Finnsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngsrímur.“ *Guðamjöldur og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist*, ritstj. Sverrir Tómasson. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 165–219.
 [Birgir Thorlacius]. 1818. „Lectori!“ *Edda*. Havnæ, I-XXXIV.
 Bjarni Gissurarson. 1960. *Sólarsýn*, ritstj. Jón M. Samsonarson. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
 Björn Karel Þórólfsson. 1929. „Kvantitetsomvæltningin í íslensk.“ *ANF* 45: 35–81.
 Björn Karel Þórólfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
 Bugge, Sophus. 1867. *Norræn fornkvæði*. Oslo: Universitetsforlag.
 Böðvar Guðmundsson. 2006. „Nýir siðir og nýir lærdómar. Bókmenntir 1550–1750.“ *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason. Reykjavík: Mál og menning, 381–521.

- Cook, Robert. 1962. *A Critical Edition of Einvaldsóður*. [Doktorsritgerð.]
- Cottle, A. S. 1797. *Icelandic Poetry or the Edda of Saemund*. Bristol.
- Dronke, Ursula. 1997. *The Poetic Edda. Volume II: Mythological Poems*. Oxford: Clarendon Press.
- Eggert Ólafsson. 1774. *Lachanologia*. Kavpmanna-höfn: Björn Halldórsson og Magnús Ólafsson.
- Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði Eggerts Ólafssonar*. Kaupmannahöfn.
- Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða I*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Einar Sigurðsson í Eydölum. 2007. *Ljóðmæli*, útg. Jón Samsonarson og Kristján Eiríksson. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Einar Ól. Sveinsson. 1940. *Um íslenzkar þjóðsögur*. Reykjavík: Sjóður Margrétar Lehmann-Filhés.
- Einar Ól. Sveinsson. 1962. *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*. [Reykjavík]: Almenna bókafélagið.
- Fidjestøl, Bjarne. 1999. *The Dating of Eddic Poetry*. (Biblioteca Arnarnagæana 41). Hafnia.
- Finnur Jónsson (útg.). 1905–1922. *Rímnasafn I-II*. København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur.
- Skj* = Finnur Jónsson (útg.). 1908–1915. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. København.
- Finnur Jónsson. 1920–1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie I–III*. København: Gad.
- Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum*. København: Det Kongelige Nordiske Oldskriftselskab.
- Finnur Magnússon. 1821–1822. *Den ældre Edda*. Kjöbenhavn.
- Gísli Sigurðsson. 1986. „Ástir og útsaumur: Umhverfi og kvenleg einkenni hetjukvæða Eddu.“ *Skírnir* 160: 126–152.
- Gísli Sigurðsson. 1995. „Kötludraumur: flökkuminni eða þjóðfélagssumræða?“ *Gripla* 9: 189–217.
- Gísli Sigurðsson. 1998. „Inngangur.“ *Eddukvæði*, útg. Gísli Sigurðsson. Reykjavík: Mál og menning, ix-li.
- Grímur Laxdal. 1856. *Fróðlegt ljóðasafn ýmislegs efnis*. Akureyri.
- Guðbrandur Vigfússon. 1883. *Corpus poeticum boreale II*. Oxford.
- Guðmundur Erlendsson. Án árs. *Akabsljóð*. [Útg. Kristján Eiríksson]. Bragi – Óðfræðivefur. Gefið út á vefnum, <http://ordab30.lexis.hi.is/bragi/ljodasafn.php?U=A&ID=484>
- Guðni Jónsson (útg.). 1954. *Fornaldar sögur Norðurlanda II*. [Reykjavík]: Íslendingasagnaútgáfan.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 2005. „Jóðmæli.“ *Són* 3: 31–57.
- Gullkársljóð*. Útg. Haukur Þorgeirsson. Óprentað.
- Hannes Þorsteinsson. 1924–1927. „Vítavísur í brúðkaupi Jóns Vídalíns biskups

- í Skálholti og Sigríðar yngri Jónsdóttur frá Leirá 17. sept. 1699.“ *Blanda* 3: 327–354
- Haukur Þorgeirsson. 2008a. *Gunnarsslagur og Valagaldur Kráku*. [BA-ritgerð].
- Haukur Þorgeirsson. 2008b. „Hinn fagri foldar son“. Þáttur úr handrita- og viðtökusögu Snorra-Eddu.“ *Gripla* 19: 159–168.
- Haukur Þorgeirsson. 2008c. „List í Lokrum.“ *Són* 6:25–47.
- Heusler, Andreas. 1906. „Heimat und Alter der eddischen Gedichte.“ *Archiv für das Studium der neueren Sprachen und Literaturen* 116: 249–81.
- Howitt, William og Mary. 1852. *The Literature and Romance of Northern Europe*. London.
- Hrafnagaldur Óðins. Forspjallsljóð*, útg. Eysteinn Björnsson. Gefið út á vefnum, <http://www.hi.is/~eybjorn/ugm/hrg/hrg.html>
- Hughes, Shaun F. D. 2002. „The Re-emergence of Women’s Voices in Icelandic Literature, 1500–1800.“ *Cold Counsel. Women in Old Norse Literature and Mythology*, ritsjtj. Sarah M. Anderson og Karen Swenson. New York: Garland, 93–128.
- ÍF XXVIII = Snorri Sturluson. 1951. *Heimskringla* III. (Íslensk fornrit XXVIII). Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Jón Guðmundsson. 1916. *Fjölmóður*, útg. Páll Eggert Ólason. (Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju V, 3). Reykjavík.
- Jón Helgason (útg.). 1936. *Íslensk miðaldakvæði* I. København: Kommissionen for det Arnemagnæanske legat.
- Jón Helgason (útg.). 1948. *Ármanns rimur*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason. 1952. „Norges og Íslands digtning“. Sérprent úr *Nordisk Kultur VIII B*.
- Jón Helgason. 1955. *Kvæðabók úr Vigur*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason. 1959. *Ritgerðakorn og ræðustúfar*. Kaupmannahöfn: Félag íslenskra stúdenta.
- Jón Helgason. 1960. *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Samsonarson. 1984. „Fornkvæðaspjall. Ræða Jóns Samsonarsonar.“ *Gripla* 6:135–164.
- Jón Torfason og Kristján Eiríksson. 2000. *Vísnaþók Guðbrands*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. København: Høst.
- Jónas Kristjánsson. 2002. „Hrafnagaldur Óðins – Forspjallsljóð. Fornkvæði reist úr ösku.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 27. apríl 2002, 4–6.
- Kock, E. A. 1923–46. *Notationes norræne*. Lund: Gleerup.
- Kristján Árnason. 2002. „Hljóddvöl í Hrafnagaldri Óðins.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 25. maí 2002, 11.

- Lassen, Annette. 2006. „Hrafnagaldur Óðins / Forspjallsljóð. Et antikvarisk digt?“ *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature. Sagas and the British Isles. Preprints of the Thirteenth International Saga Conference, Durham and York, 6th – 12th August, 2006*, ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick. Durham: Durham University, 551–560.
- Margrét Eggertsdóttir. 2005. *Barokkmeistarinn*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Matthías Viðar Sæmundsson. 1992. *Galdrar á Íslandi*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Munch, P.A. 1847. *Den ældre Edda*. Christiania.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. Ordliste og citater. <http://dataonp.hum.ku.dk/>
- Ólafur Davíðsson. 1894. *Íslenzkir vikivakar og vikivakakvæði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Þulur* = Ólafur Davíðsson. 1898. *Íslenzkar þulur og þjóðkvæði*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Ólafur Halldórsson. 1973. *Haralds rímur Hringsbana*. (Íslenzkar miðaldarímur I). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstill*. (Fræðirit 1). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Páll Eggert Ólason. 1935–1937. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins III*. Reykjavík.
- Pálmi Pálsson. 1883. *Króka-Refs saga og Króka-Refs rímur*. København.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2005. „Ljóðstafurinn s í íslenskum kveðskap.“ *Són* 3: 59–86.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð*. Reykjavík: Hugvísindastofnun. de los Ríos, D.A. 1856. *Los Eddas*. Madrid.
- RR III = Steinunn Finnsdóttir. 1950. *Hyndlu rímur og Snækóns rímur*, útg. Bjarni Vilhjálmsson. Reykjavík: Rímnafélagið.
- RR VIII = Árni Böðvarsson. 1965. *Brávallarímur*, útg. Björn Karel Þórólfsson. Reykjavík: Rímnafélagið.
- RR IX = Þórður Magnússon o.fl. *Stakar rímur frá 16., 17., 18. og 19. öld*. (Rit Rímnafélagsins IX). 1960, útg. Finnur Sigmundsson. Reykjavík: Rímnafélagið.
- RR X = Magnús Jónsson prúði, Pétur Einarsson, Ólafur Halldórsson. *Pontus rímur*. (Rit Rímnafélagsins X). 1961, útg. Grímur M. Helgason. Reykjavík: Rímnafélagið.
- Sievers, Eduard. 1893. *Altgermanische Metrik*. Halle: Niemeyer.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík, København, Kristiania.
- Sigríður Þorvaldsdóttir. 2004. *Aldur og brageinkenni Kötuldraums*. [Óbirt námsritgerð].

- Silja Aðalsteinsdóttir. 1981. *Íslenskar barnabækur 1780–1979*. Reykjavík: Mál og menning.
- Simrock, Karl. 1851. *Die Edda*. Stuttgart.
- Snorri Hjartarson (útg.). 1945. *Sól er á morgun*. Reykjavík: Leiftur.
- Stefán Ólafsson. 1886. *Kvæði eftir Stefán Ólafsson II*, útg. Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sverrir Tómasson. 2000. „Strákligr líz mér Skíði“. Skíðaríma: íslenskur föstu-leikur?“ *Skírnir* 174 (haust): 305–320.
- Sverrir Tómasson. 2005. „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda.“ *Ritið* 5 (3): 77–94.
- Thorpe, Benjamin. 1866. *Edda Sæmundar hinns Fróða*. London.
- Thorvaldsen, Bernt Øyvind. 2006. *Svá er sagt í fornum vísindum. Tekstualiseringen av de mytologiske eddadikt*. Bergen: Senter for middelalderstudier.
- Thorvaldsen, Bernt Øyvind. 2008. „Om Þrymskviða, tekstlån og tradisjon.“ *Maal og Minne* 2008/2: 142–166.
- Unger, C. R. 1853. *Saga Ðiðriks konungs af Bern*. Christiania.
- Vésteinn Ólason. 1982. *The Traditional Ballads of Iceland*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Vésteinn Ólason. 2005. „Heusler and the dating of Eddic poetry – with special reference to «isländische Nachblüte der Heldendichtung».“ *Germanentum im Fin de siècle*, ritstj. Jürg Glauser og Julia Zernack. Basel: Schwabe, 165–193.
- Vigfús Jónsson. 1780. *Barna-Liood med Ljuflings-Lag*. Kaupmannahöfn.
- Wisén, Theodor (útg.). 1881. *Riddara-rímur*. Köpenhamn.
- Þorlákur Guðbrandsson og Árni Böðvarsson. 1834. *Rímur af Ulfari Sterka*. Videyar Klaustri.
- Þorsteinn Gíslason. 1966. *Skáldskapur og stjórnmál*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Þórður Helgason. 2003. „Áfangar.“ *Són* 1: 41–69.

SUMMARY

Gullkársljóð and *Hrafnagaldur* – A contribution to the history of *fornyrðislag*.

Keywords: Alliterative verse, poetic formulae, dating of oral traditional poetry, metrical analysis, medieval fairy tales, magic in the 17th century.

The article argues for a continuous tradition of *fornyrðislag* poetry in Iceland stretching from the Eddic poems and beyond the Reformation. The youngest poems in the *fornaldarsögur* and the oldest of the *sagnakvæði* should be regarded as of similar age. Two poems are selected for a detailed study. On the basis of linguistic and metrical criteria, *Gullkársljóð* is dated to ca. 1350. This dating is further supported by the presence of formulaic elements which the poem shares with several old poems. Linguistic and metrical arguments place *Hrafnagaldur* after the Reformation. The mystical tone of the poem, its interest in magic and its serious perspective on the Norse gods fit well with 17th-century Iceland when occult and antiquarian interests led to certain neo-pagan tendencies.

Haukur Þorgeirsson
Háskóla Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík
haukurth@hi.is